

Íslenskt þjóðar- hlutverk

Adam Rutherford og
Halldór K. Laxness

MORGUNBLAÐIÐ

Þriðjudagur 30. janúar 1940.

I.

Skáldið H. K. Larness hefir sent mjer nóvemberhefti tímarits „Máls og menningar“, en í því er grein eftir hann sem heitir: „Íslendingar vinir skynseminnar og Rutherford-tillíneigin“. Þótti mjer leitt að lesa, því að það er sannast að segja, að Adam Rutherford á annað skilið af Íslendingum en smánaryrði. Og það er ekki af sjer dregið þegar Kiljan er að velja Rutherford hæðilyrði. Skynskipting kallar skáldið þennan ágæta mann og „kolbrjálaðan ósjálfráðan lygara“. Þetta er nokkuð líkt og ef tiltakanlega illa innrætt óhræsi væri kallað mann-kostannaður. Því að sannleikurinn er sá, að Adam Rutherford er maður einkar vel víti börinn og ágætur drengur. Má þetta vel skilja af ávarpi hans til íslensku þjóðarinnar, sem er snildarlega samið og vel átti skilið að vera flutt af eins ágætum ræðumanni og sr. Bjarni Jónssöni er. Og það er óhætt að segja, að sá sem vill halda því fram, að einhver geðveiki lýsi sjer í því hvernig Rutherford leitast við að rökstyðja það, að sumir spádómar biblíunnar eigi við íslenskt þjóðarhlutverk og íslenska framtíð, stofnar álti nokkurnveginn greindra manna á sínu eigin víti, í hinn mesta vöða.

II.

Það er ekki erfitt að benda á ýmsar líkur til þess, að íslensku þjóðinni hafi verið mikið hlutverk ætlað. Á lýðveldistímanum virðist hið norræna kyn hafa náð hámarki hjer á Íslandi, bæði líkamlega og andlega. En svo er að vísu framförunum lokið, og afturför tekur við, öld eftir öld. Landvort mátti á köflum heita óbyggilegt, og það er ógurleg raunasaga sem kemur fram í öðru eins og því, að fólkið var hjer á landi mun færri um 1800, en verið hafði átta hundruð árum áður. En þrátt fyrir það slokknaði hjer þó aldrei alveg ljós andans, og á 19. öldinni yrkir Jónas Hallgrímsson betur en nokkru sinni hafði gert verið áður á íslensku. Og nú, einni öld seinna, hafa fáeinir áratugir við betri ástæður en áður, nægt til að sýna, að einnig líkamlega er þjóðin ódrepin.

Adam Rutherford talar í ávarpi sínu um „morgunbjarma nýrrar aldar“, „dýrðaröld sem nú nálgast öðum“ o. s. frv., og hann telur að Íslendingar muni verða sú þjóð, sem hefir „forustuna inn í nýju öldina“. Og að telja honum til brjálsemi hvernig hann rökstyður þetta, nær ekki nokkurri átt.

III.

Mjer hefir þótt framkoma Ruth-arfords svo merkileg vegna þess, að hvað sem rökfærslu hans liður, leiðinni sem hann hefir farið, þá er það víst, að niðurstaðan er rjett. Þýðing íslensku þjóðarinnar fyrir framtíð mannkynsins, gæti orðið ekki minni en þessi ágæti Íslands-vinur segir. Og, það dregur ekki neitt úr aðdáun minni á glögg-skygni þessa merkilega manns gagnvart íslensku þjóðarhlutverki, hó að mín aðferð til að komast að

samskonar niðurstöðum hafi verið með öðrum hætti og á engan hátt trúarleg eða dulræn. Jeg fekk þegar á barnsaldri áhuga á náttúrufræði og ásetti mjer snemma að verja ævi minni umfram allt til að afla mjer þekkingar í þeim fræðum. Seinni skildist mjer að jeg varð einnig að leggja fyrir mig það sem kallað er heimspeki, og sneri jeg mjer að því, skömmu eftir að jeg hafði lokið háskóla-prófi í náttúrufræði. Saga lífsins hjér á jörðinni varð mjer einhúrn mikið umhúgsunarefni, og svo það, hvort nokkur tilgangur væri með þessu öllu saman. Var það lengi, sem jeg gat ekkert svar fundið við þeirri spurningu. En loks fór jeg

að skilja. Mig fór að gruna hvert mundi vera hlutverk lífsins og það varð glögt, að hjér á jörðu var verið að leitast við að vaxa fram uns sambandi yrði náð við lífið á öðrum jarðstjörnum. Virtist mjer það vera í augum uppi, að á því mundi velta framtíð lífsins, hvort þetta samband tækist eða ekki. Og það hlaut að vera upphaf meiri aldaskifta en áður höfðu orðið í lífs-sögu þessa hnattar, að koma auga á þetta samband og skilja hvernig lífinu í alheimi er ætlað að vaxa fram til fullkominnar samstillingar. Nú var auðvelt að sjá, að þar sem ekki yrði komist á þessa leið samstillingarinnar, væri vaxandi hörmunga von, og að fyrir oss hjér á jörðu mátti heita, að komið væri í eindaga. Varð nú skiljanlegt, af hvaða rótum er runnin trúin á að mannkyninu þurfi að bjarga. Mannkynið var á vorri jörð að fara fram hjá því markmiði, sem ná verður, ef ekki á illa að fara. Það mátti því segja fyrir hættuna á jafnvel ennþá meiri ótíðindum en orðið höfðu áður í sögu mannkynsins. Og þetta gerði jeg í allangri ritgerð, sem jeg sendi mikils-háttar vísindafjelagi í maímánuði 1914.

IV.

— Það er ástæða til að minna á þetta, því að það getur verið vitrum mönnum góð hjálp til að átta sig á því, að það er ekki viturlegt, að skella skollaeyrunum við orðum mínum. Hefir rás viðburðanna verið mjög á þann veg sem jeg taldi vist að verða mundi, ef aldaskifta-málum mínum væri ekki sint. Eru athafnir meiri hluta mannkynsins nú, einmitt á þá leið sem síst skyldi, og þegar farið að koma tilfinnanlega í ljós, hvernig engu er líkara en því, að sjálf náttúr-an tryllist, þegar athafnir miljón-anna eru sem vitlausastar.

Mennti eru hjer á landi mjög samfélaga um það, að eins örsmá þjóð og vjer erum geti ekkert það aðhafst er til hágsbóta megi verða öllu mannkyni. En samt mundi það satt reynast, að þó að ekki væri nema 10.000 manna hjer á landi, sem ljetti sjer örugglega skiljast, hvað rjett er í þessum málum, þá mundi það nægja til þess, að auðveldara yrði hjer á jörðu að vitkast og læra að varast það sem síst á að vinna.

V.

Þýðing íslensku þjóðarinnar er í því fólgin, meðal annars, að hjer gæti mönnum verið auðveldara um samheng og samstilling gagnvart rjettu máli en í nokkru landi öðru. Hin nauðsynlegu lífaflsvæði gætu hjer skapast fyrst. En af því mundi leiða, að hjer á landi gætu á mjög merkilegan hátt orðið það sem nefnt hefir verið kraftaverk og talið yfirnáttúrlegt (eða ímyndun ein), en er þó ekki yfirnáttúrlegra en t. d. raflýsing eða útvarp. Á dýrðaröld þeirri sem svo mjög hefir verið um spáð, alt frá fornöld, mun Ísland verða landið þar sem auðveldast verður um samband við það sem áður var nefnt goðmögn. Ísland mun verða ljóssins land, lífsins land. Víða af löndum munu margir hingað leita til þess að verða að nýjum og betri mönnum. Því að sú breyting (mutation) á tegundinni homo sapiens, sem nauðsynleg er til þess að lifað geti orðið hinu fullkomnara lífi, mun á þessu landi hefjast, þar sem lengi var svo erfitt uppdráttar, að öld eftir öld, fór kynslóðunum aftur en ekki fram. 11. janúar.

Helgi Pjetarson.